

7. gr.

Nú kemur loðnuveiðiskip með loðnufarm til hafnar blandaðan smáloðnu og er þá loðnumóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smáloðnu í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 loðnum í hverju. Sé hlutur smáloðnu, sbr. 5. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal loðnumóttakandi gera Framleiðslueftirliti sjávarafurða aðvart, sem gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir og gerir sjávarútvegsráðuneytinu aðvart, sé hlutur smáloðnu yfir 55%

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er sjávarútvegsráðuneytinu heimilt að veita leyfi til veiða á smáloðnu til niðurlagningar.

9. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ákvæðum laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. ágúst 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 107 1. febrúar 1980, um aldurslagatryggingu vegna úreltra og óhagkvæmra fiskiskipa með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Stofna skal sérstakan sjóð, Úreldingarsjóð, og skulu tekjur samkvæmt 1. gr. renna til hans.

Heimili og varnarþing sjóðsins verður hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, sem annast vörslu hans og fjárreiður.

Reikningsár Úreldingarsjóðs er almanaksárið. Endurskoðendur Samábyrgðarinnar skulu endurskoða reikninga sjóðsins.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu sendar Samábyrgðinni. Með umsókn skal m. a. fylgja veðbókarvottorð, ársreikningur seinasta árs og yfirlit yfir skuldastöðu, er umsókn er send. Umsækjanda er skylt að gefa sjóðsstjórn hverjar þær upplýsingar aðrar, er hún telur nauðsynlegar.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Við úthlutun styrkja skal sjóðsstjórn m. a. hafa hliðsjón af eftirfarandi:

1. Fjárhagsstöðu umsækjanda með tilliti til allra skulda, veðskulda, haldsréttar-skulda og lausaskulda, eins og þær eru, þegar umsókn er send.
2. Vátryggingarfjárhæð skips, sem sé sundurliðuð þannig:
 - a) Bolur, reisn og rafbúnaður.
 - b) Aðalvél, ljósavélar og vindur.
 - c) Siglinga- og stjórnæki.
3. Mati Samábyrgðar Íslands á fiskiskípum á því, hvers virði búnaður hvers skips geti verið til sölu. Skal leita eftir slíku mati þegar, er umsókn berst.

Sjóðsstjórn skal aðallega og eftir því sem fært er miða upphæð styrks við það, að skuldastaða styrkþega verði viðunanleg að fengnum styrk. Þessi regla hamlar þó ekki því, að skuldlaus eða skuldlítill útgerðaraðili fái styrk úr Úreldingarsjóði. Leggur sjóðsstjórn þá sanngirnismat hverju sinni á upphæð styrks, m. a. með hliðsjón af upphæð styrkja til annarra útgerðaraðila, sem áttu/eiga sambærileg skip, en hjuggu/búa við erfiða fjárhagsstöðu.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 5 13. febrúar 1976, sbr. lög nr. 2 1. febrúar 1980 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. júlí 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Ingimar Einarsson.

Nr. 427.

29. júlí 1980.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 169 21. ágúst 1970 um söluskatt með áorðnum breytingum.

1. gr.

2. mgr. 2. tl. 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 266/1980, orðist svo:

Undanþága samkvæmt þessum tölulíð tekur þó ekki til sælgætis, öls, gosdrykkja eða annarra vara sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum nr. 9/1979 um vörugjald. Undanþágan nær heldur ekki til tóbaks, drykkjarvara sem innihalda áfengi, tilbúinna efna til öl- eða víngerðar, kex og annarra íburðarmeiri brauðvara er falla undir tollskrárnúmer 19.08.03—09 ef þær innihalda 20% eða meira af súkkulaði miðað við þyngd, poppkorns eða annars sælgætis þótt það sé ekki gjaldskylt samkvæmt lögum nr. 9/1979 um vörugjald.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 29. júlí 1980.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.